

## GJALDSKRÁ

### fyrir losun á seyru úr rotþróum í Húsavíkurbæ.

#### 1. gr.

Árlegt gjald vegna losunar á seyru skal vera eftirfarandi:

- a) Rotþró allt að 1800 lítra kr. 3.732
- b) Rotþró allt að 3500 lítra kr. 4.668
- c) Rotþró allt að 6000 lítra kr. 6.185
- d) Rotþró allt að 9000 lítra kr. 6.461

Þar sem fleiri en eitt hús eru um hverja rotþró skal skipta gjaldinu jafnt á milli þeirra.

#### 2. gr.

Fyrir aukalosun skal innheimta gjald þó aldrei hærra en nemur kostnaði við losun og förgun.

#### 3. gr.

Ofangreind gjaldskrá samanber samþykkt bæjarráðs frá 9. desember 2004 og staðfestingu bæjarstjórnar 14. desember 2004 er sett skv. samþykkt um notkun og hreinsun rotþróa í Reykjahreppi nr. 924/2000. Samþykktin gildir fyrir sameinað sveitarfélag, Húsavíkurbæ og öðlast þegar gildi.

*Húsavík, 15. desember 2004.*

**Vigfús Sigurðsson** deildartæknifræðingur.

## GJALDSKRÁ

### um sorphreinsun í Skaftárhreppi.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps leggur á árlegt sorphreinsunargjald (sorphyrd- og sorpeyðingargjald) í Skaftárhreppi og er það innheimt með fasteignagjöldum, samkvæmt samþykkt um sorphreinsun í Skaftárhreppi nr. 342/2004.

#### 2. gr.

Til íbúða teljast heimili í dreifbýli og íbúðir á Kirkjubæjarklaustri.

Til lögbýla teljast búhlutar jarða í ábúð þar sem stundaður er hefðbundinn landbúnaður í atvinnuskyni.

Til fyrirtækja teljast þeir lögaðilar sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur.

Frístundahús eru sumarbústaðir og fasteignir aðrar sem notaðar eru í sambærilegum tilgangi.

#### 3. gr.

Árlegt sorphreinsunargjald er sem hér segir:

- a. Íbúðir ..... kr. 12.600